

Stjórnarfundur FFÁ, haldinn 3.maí 2012 í Digranesi

Mættir: Anna María formaður, Brynhildur gjaldkeri, Karen Jenný varamaður, Selma meðstjórnandi, Sigurður meðstjórnandi, Sólveig ritari og Særún meðstjórnandi.
Fjarverandi : Gunnar varaformaður.

1. Fundur settur. Anna María setti fundinn kl. 19:45

2. Fréttabréf FFÁ

Skv. upplýsingum frá Guðna í ritnefnd fréttabréfsins er það alveg að verða tilbúið. Verður komið út tímanlega fyrir aðalfund.

3. Vorhátíðin

Hugmynd kom frá vorhátíðarnefndinni að bjóða einhverjum árgangi í skólanum að selja pylsur á vorhátíðinni til fjáröflunar. Ekki hægt að ákveða það fyrir en vitað er á hvaða tíma dagsins vorhátíðin er, hvort pylsurnar koma í stað hádegisverðar.

Sjá til þess að upplýsingar um dagskrána og verð komi fram í auglýsingu vorhátíðarinnar. Ákveðið að vorhátíðarnefndin geri kostnaðaráætlun varðandi skemmtiatriði og leiktæki og fái samþykki stjórnar áður en lagt er í útgjöld.

Ákveðið að veita 30.þús kr. í smáleiktæki s.s. sippubönd og önnur sumarleiktæki sem foreldrafélagið á síðan til framtíðar. Nefndin sjái um innkaup.

4. Undirbúningur fyrir aðalfund

a) Auglýsingamál

Senda auglýsingu út á morgun og kalla eftir framboðum til stjórnar og skólaráðs.

b) Dagskrá er samkvæmt lögum félagsins

c) Ársreikningur

Brynhildur kynnti stöðu ársreiknings. Mjög góð innheimta hefur verið á félagsgjöldum þannig að staða foreldrafélagsins er góð.

Tillaga stjórnar fyrir aðalfund er því að árgjald verði óbreytt, 1.750 kr

d) Skýrsla stjórnar og nefnda

Farið var yfir skýrslu stjórnar sem Anna María var búin að gera drög að.

Ákveðið að allar nefndir flytji stutta skýrslu á aðalfundinum.

e) Lagabreytingar

Engar lagabreytingar verða lagðar fram á aðalfundinum

f) Veitingar

Ákveðið að kaupa veitingar frá Saffran.

5. Starfsreglur nefnda og skipunarbréf stjórnarmanna

Vantar enn starfsreglur frá öryggisnefnd, aðrar starfsreglur komnar

6. Önnur mál

- Beiðni kom frá skólastjóra um að styrkja skáksveit skólans á mót í Svíþjóð í haust, en hún varð Íslandsmeistari í sínum flokki í mars. Ákveðið að veita 120.þús. króna styrk til þessarar ferðar.
- Selma lagði fram skjal sem hún hafði útbúið um verkefni bekkjarfulltrúa og skráningablað fyrir foreldra til að skrá sig til að sjá um viðburði í bekknum yfir veturinn.
- Ákveðið að senda út símaskrá þótt seint sé.
- Sigrún skólastjóri hefur áhuga á að fá skýrslu stjórnar foreldrarfélagsins inn í ársskýrslu skólans. Það er samþykkt.
- Særún fari með þá fyrirspurn á næsta skólaráðsfund hvaða afþreying sé í boði í frímínútum fyrir þau börn sem hafa ekki áhuga á boltaíþróttum.

10. Fundi slitið. Anna María sleit fundi kl. 22:30

Fundargerð ritaði: Sólveig B. Hlöðversdóttir, ritari